

## Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

**Konsertmeistarar:** Helga R. Óskarsdóttir

### 1. fiðla

Helga Ragnheiður  
Óskarsdóttir  
Hildigunnur Rúnarsdóttir  
Sigrún Andrésdóttir  
Elísabet Vala  
Guðmundsdóttir  
Fífa Jónsdóttir  
Rós Pétursdóttir  
Jónína Þórunn Thorarensen  
Guðbjartur Hákonarson

### Víola

Paul-William Marti  
Hanna Kaasalainen  
Súsanna Friðriksdóttir

### Selló

Páll Einarsson  
Anna Jórunn Stefánsdóttir  
Valdís G. Gregory  
Freyja Jónsdóttir  
Hildur Guðjónsdóttir

### Kontrabassi

Roine Hultgren  
Kjartan Guðnason

### Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir  
Jón Guðmundsson

### Óbó

Sverrir Guðmundsson  
Guðrún Másdóttir

### Klarinett

Barclay Anderson  
Víðir Smári Petersen

### Fagott

Þórður Magnús Tryggvason  
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

### Horn

Arve Eriksson  
Halldór Bjarki Arnarson

eiginskiptið isleiki - öfluging

# TÓNLEIKAR

## Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

í Seltjarnarneskirkju  
sunnudaginn 22. maí 2011  
kl. 17:00

## Mozart, Mozart, Mozart



**Stjórnandi: Oliver Kentish**

**Einleikari: Elín Arnardóttir**

Aðgangseyrir er kr. 2000, frítt fyrir börn,  
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara.

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 9. október 2011 klukkan 17. Valdís Gregory, sópran, syngur þá einsöng og stjórnandi verður Oliver Kentish. Nánari upplýsingar má fá á vefsíðu sveitarinnar: [www.ahugasinfonia.is](http://www.ahugasinfonia.is)

### Hljómsveitin þakkar

Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.



## EFNISSKRÁ:

**Wolfgang Amadeus Mozart:** Adagio og fúga í c-moll, K 546

**Wolfgang Amadeus Mozart:** Píanókoncert nr. 18 í B-dúr, K 456

*Allegro vivace*

*Andante un poco sostenuto*

*Allegro vivace*

- HLÉ -

**Wolfgang Amadeus Mozart:** Sinfónía nr. 40 í g-moll, K 550

*Allegro molto*

*Andante*

*Menuetto, Allegretto*

*Allegro assai*

## TÓNSKÁLD, VERK OG FLYTJENDUR:

Tónleikarnir í dag eru helgaðir tónlist Mozarts. Það er ekki af neinu sérstöku tilefni, okkur langaði einfaldlega til að leika meiri Mozart. Enþá, 220 árum eftir dauða hans, er tónlist hans hluti af daglegri menningarneyslu nánast sérhvers manns. Hún er uppspretta gleði og ánægjulegra tilfinninga. Menningararfurinn sem hann skildi eftir sig er mönnum stöðugt undrunarefni, ekki bara vegna umfangsins heldur einnig fjölbreytninnar. Efnisskráin í dag endurspeglar þetta vel.

**Adagio og fúga** er skrifað fyrir strengjasveit en er oft flutt af strengjakvartettum. Það er raunar ekki oft flutt. Sumum þykir það nokkuð tyrfið verk, nánast akademískt. Mozart hafi verið að æfa sig í fúgulistinni og farið yfir strikið. Þegar nánar er skoðað er verkið fullt af tilfinningum og stemningum, og skáldskapurinn er ekki langt undan. Spilarar eiga vissulega fullt í fangi en fúgulistin er fullkomin. Bach hefði ekki kvartað.

**Píanókoncertinn nr. 18** var saminn í Vín eftir að Mozart flutti þangað 1781 til að freista gæfunnar sem sjálfstæður tónlistarflytjandi, kennari og tónskáld. Hann hafði gengið úr þjónustu erkibiskupsins í Salzburg þar sem honum fannst hæfileikar sínir misnotaðir. Í Vín stofnaði hann til áskriftartónleika þar sem hann flutti verk sín, meðal annars 15 píanókonserta. Oftast frumflutti hann konsertana sjálfur en sá númer 18 er stundum talinn vera skrifaður fyrir blindan píanóleikara, Mariu Theresu von Paradis, til flutnings í París. Vínarbúar tóku Mozart vel. Hann var eftirsóttur sem flytjandi og kennari, og útgefendur kepptust við að gefa út verk hans.

**Sinfónían nr. 40** er vaflost ein af þekktari sinfóníum Mozarts, en hann samdi alls 41. Hún er stundum kölluð „Stóra g-moll sinfónían“ til aðgreiningar frá „Litlu g-moll sinfóníunni“ nr. 25. Þetta eru einu sinfóníur hans sem eru í moll. Af þessu má sjálfsgat draga víðtækar ályktanir því fyrir tóntegundavali eru oft djúpstæðar ástæður. Svo mikið er víst að sinfónía nr. 40 er alvörugefin og íhugul. Þar er líka bryddað upp á nýjungum, jafnvel sjá sumir þar forboða tólftónatónlistar. Þá er vísað til síðasta kaflans. Í upphafi úrvinnslunnar leikur öll hljómsveitin línu þar sem allir tónar skalans koma fyrir, utan einn, grunntóninn sjálfur, g. Á eftir fylgir furðuleg úrvinnsla þar sem nánast allar tóntegundir koma fyrir.



**Elín Arnardóttir** er fædd árið 1992. Hún hóf píanónám 4 ára gömul við Suzukitónlistarskólann í Reykjavík hjá Hönnu Valdísi Guðmundsdóttur. Árið 2004 hóf Elín nám við Tónlistarskólann í Reykjavík, og 2009 við diplóma braut Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Peter Maté. Elín er verðlaunahafi EPTA Ísland keppinnar, hlaut 1. sæti í flokki framhaldsnáms árið 2006. Árið 2009 hlaut hún 3. sæti í flokki háskólanáms. Elín stundar einnig nám við Menntaskólann við Hamrahlíð og lýkur stúdentsprófi nú í vor.